

**BORGARRÁÐ 18. apríl 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um eyðingu skjala - MSS24040169**

Hefur skjölum verið eytt hjá Borgarkjalasafni frá því að borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti að leggja safnið niður þann 7. mars 2023. Ennfremur, hefur einhverjum skjölum verið eytt hjá safninu eftir ljósmyndun? Ef svo er, er óskað eftir lista yfir skjölin, bæði afhendingaraðila, tegund skjala og magn. Halda skal lista yfir skjöl sem er eytt skv. 4. grein reglna nr. 627/2010 og 3. grein reglna 1022/2023.